

## AUGLÝSING

### um óverulega breytingu á deiliskipulagi í Reykhólahreppi.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkti 14. október 2021 óverulega breytingu á deiliskipulagi íbúðarbyggðar norðan Hellisbrautar á Reykhólum. Breytingin felst í því að á lóð Hólatraðar 5-7 verði heimilt að reisa þriggja íbúða raðhús (Hólatröð 5, 7 og 9) í stað parhúss. Byggingarreitir stækkar um einn metra til suðurs og bílastæðum er fjölgað innan lóðarinnar til samræmis. Á lóð Hólatraðar 6-8 verður heimilt að reisa einbýlishús (Hólatröð 6) á tveimur hæðum í stað parhúss.

Breytingin telst óveruleg með tilliti til gr. 5.8.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Ofangreind deiliskipulagsbreyting hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Reykhólum, 8. desember 2021.*

**Þórður Már Sigfússon** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 22. desember 2021